

Vesturbyggð  
Óskar Örn Gunnarsson  
Aðalstræti 75  
450 Patreksfjörður

Reykjavík 7. júlí 2020  
UST202006-320/A.B.  
10.04.00

**Efni: Tillaga – Breyting á aðalskipulagi Vesturbyggðar 2006-2018 og deiliskipulagi vegna legu Örlygshafnarvegjar um Hvallátur.**

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Vesturbyggðar er barst 29. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um breytingartillögu á aðalskipulagi Vesturbyggðar 2006-2018 og breytingu á deiliskipulagi Látrabjargs vegna legu Örlygshafnarvegjar um Hvallátur.

Í greinargerð kemur fram að um er að ræða breytingu á Örlygshafnarvegi þar sem til stendur að færa veginn suður fyrir Hvallátur á 1,7 km löngum kafla.

**Votlendi**

Í greinargerð kemur fram að vegurinn muni liggja um votlendi sem fellur undir a. lið 1. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. greinarinnar. Skv. 3. mgr. ber að forðast röskun þeirra náttúruferibæra sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Í greinargerð kemur fram, eftir valkostagreiningu, að ný veglína mun hafa minni áhrif á viðkvæman gróður og vernduð votlendissvæði.

Varðandi framkvæmdaleyfi vill stofnunin benda á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að vega saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga um

náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr laganna.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal leyfisveitandi, með vísan í 5. mgr. 61. gr., rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við.

Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent stofnuninni, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr., að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufyrirbæri sem verða fyrir röskun.

### Ásýnd og frágangur


Umhverfisstofnun bendir á að þar sem efnistaka vegna framkvæmdarinnar verður eingöngu úr skeringum á löngum kafla, ætti að hanna frágang skeringanna sérstaklega og leggja áherslu á að mótun skeringa og aðlögun þeirra að næsta umhverfi fari fram samhliða efnistöknunni ef þess er nokkur kostur.

Auk þess bendir Umhverfisstofnun á að æskilegt sé þar sem vegur að Hvallátrum verður tekinn úr notkun að gengið sé frá námu við Látravatn.



Axel Benediktsson  
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Björn Stefánsson  
sérfræðingur